

Brunet Lecomte og Lyon Mag gegn Frakklandi

Dómur frá 6. maí 2010

Mál nr. 17265/05

10. gr. Tjáningarfrelsi

Ærumeiðingar. Fjölmiðlar.

1. Málsatvik

Kærendur eru annars vegar Philippe Brunet Lecomte, franskur ríkisborgari, fæddur 1954 og búsettur í Lyon í Frakklandi, og hins vegar útgáfufyrirtæki tímaritsins *Lyon Mag*, með skráð aðsetur í Lyon.

Fyrri kærandinn er útgáfustjóri umrædds tímarits, sem er gefið út mánaðarlega. Á forsíðu tölublaðs októbermánaðar 2001 var m.a. varpað fram þeirri spurningu hvort ástæða væri til að óttast samtök íslamstrúarmanna í Lyon. Þar var einnig birt ljósmynd af T undir fyrirsögninni „*T, einn áhrifamesti leiðtogi múslima í Lyon*“. Þá var í grein um T gefið í skyn að honum hefði verið meinað að koma til Frakklands árið 1995. Einnig var því haldið fram að hann hefði ásamt bróður sínum rekið miðstöð múslima í Genf, sem að sögn frönsku leynipjónustunnar væri miðpunktur íslamstrúarmanna í Evrópu.

T stefndi útgáfufyrirtækinu og útgáfustjóranum fyrir meiðyrði. Dómstóllinn taldi ummælin ærumeiðandi en þar sem kærendur hefðu verið í góðri trú voru þeir sýknaðir af kröfum T. Árið 2003 komst áfrýjunardómstóll að annarri niðurstöðu og gerði útgáfustjóranum að greiða 2.500 evrur í skaðabætur til T.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að með sakfellingu þeirra fyrir ærumeiðingar vegna birtingar greina um samtök múslima í Lyon árið 2001 hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að mælt hefði verið fyrir um takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda í lögum. Umræddar greinar hefðu verið framlag kæranda í opinbera umræðu sem átti erindi til almennings og voru þær birtar stuttu eftir hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum 11. september 2001. Í ljósi þess hefðu yfirvöld einungis takmarkaða heimild til að skerða tjáningarfrelsi kæranda.

Dómstóllinn benti á að þrátt fyrir að innlendir dómstólar hefðu litið til orðfæris og aðdróttana í greinunum, bæri einnig að líta til samhengis þeirra, en þær voru byggðar á rannsókn á starfsemi samtaka múslima í Lyon. Þá hefðu greinarnar ekki vísað með beinum hætti til T og þrátt fyrir að bæði myndin af honum og greinin um hann hefðu birst á áberandi stað í blaðinu hefði hann ekki sætt persónulegri árás. Dómstóllinn taldi að ekki hefði verið farið yfir þau mörk sem búast mætti við af fjölmiðli. Það ætti einkanlega við þar sem T var umsvifamikill fyrirlesari og mátti búast við að ummæli hans yrðu skoðuð ítarlega. Hin meintu ærumeiðandi ummæli voru talin hafa byggst á staðreyndum, enda hefðu fjölmörg skjöl verið lögð fyrir dómstólinn sem sýndu fram á þá hættu sem ummæli T hefðu leitt til.

Dómstóllinn taldi því að réttur T til verndar á mannorði sínu yrði að víkja fyrir réttindum kæranda til að skila áfram upplýsingum um efni sem væri í þágu almennings sem og rétti almennings í Lyon til að taka við slíkum upplýsingum. Þá hefði sú sekt, sem kærendum var gert að greiða, verið óhóflega há.

Niðurstaða dómstólsins var því að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Dómstóllinn ákvarðaði ekki skaðabætur á grundvelli 41. gr. sáttmálans til kæranda þar sem þeirra hafði ekki verið krafist innan tilskilins tíma.

Tveir dómarar skiluðu séráliti.